

[Type here]



Leiðbeiningar um ritun beiðna fyrir myndgreiningarrannsókn

Pótt röntgenbeiðni geti verið hluti af rútinu er hún í raun consultbeiðni til röntgenlæknis. Við flóknari rannsóknir, sem oft eru einnig íþyngjandi fyrir sjúkling vegna geislaálags, metur röntgenlæknir hvort og hvernig skuli framkvæma rannsóknina eða hvort gera eigi aðra myndgreiningarrannsókn til þess að svara þeirri spurningu sem fyrir liggur.

Vanda þarf ritun beiðna sem skulu vera stuttar og hnitmiðaðar. Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um símanúmer beiðandi læknis í kerfum spítalans þarf að koma fram á beiðni hvernig er hægt að ná í hann. Aðeins læknar hafa heimild til að skrifa röntgenbeiðnar. Kanditatar og sérnámslæknar hafi ábyrgan sérfræðing með sem tengdan lækni. Upplýsingar um fyrri rannsóknir framkvæmdar á öðrum stöðum eru mikilvægar.

Aðalatriði sögu og skoðunar sem **réttlæta rannsóknina og styðja ábendingu**. Þurfa að koma fram. Sérstaklega skýr réttlætning þarf að vera fyrir notkun jónandi geislunar. Klínískar upplýsingar eru mikilvægar fyrir túlkun rannsókna. Geta þarf mikilvægra **skurðaðgerða og nýlegra meðferða** svo sem með krabbameinslyfjum og geislameðferð. Þegar unnt er skal nota **klínískar leiðbeiningar** og vísa beint eða óbeint í þær.

Rannsóknarspurning þarf að liggja fyrir.

Ef um frumgreiningu er að ræða skal setja fram eina megin vinnugreiningu. Ekki á að setja fram margar mögulegar mismunagreiningar.

Mikilvægt er að bráðleiki rannsókna sé réttur.

- **Strax** á við um sjúklinga sem njóta algjör forgangs og þarf að rannsaka þá og túlka rannsókn án tafar s.s. við lífshótandi ástand.
- **Innan 4 klst.** á við um aðrar bráðar rannsóknir.
- **Í dag** á við um rannsóknir þar sem uppvinnsla má ekki bíða.
- **Innan 2-3ja daga** á t.d. við um innliggjandi sjúklinga í hefðbundinni uppvinnslu.
- **Tímaröð** á við um utanspítala sjúklinga.
(Ef of mikill bráðleiki er tilgreindur getur það komið niður forgangi annara sjúklinga.)

Röntgendeildin áskilur sér rétt til að hafna ófullkomnum beiðnum svo sem ef ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar til að réttlæta rannsókn. Í þeim tilfellum er beiðandi læknir látinn vita. Úrlausn getur verið ný bætt beiðni eða annar ferill sjúklings svo sem önnur rannsóknaraðferð.

PHH janúar 2022